



Verklags- og úthlutunarreglur uppbyggingarsjóðs Ísafjarðarbæjar til aðildarfélaga Héraðssambands Vestfirðinga

1. gr.

Markmið

Markmið uppbyggingarsamninga er að styðja íþróttafélög og mikilvæga uppbyggingu sem stuðlar að eflingu íþróttastarfs innan sveitarfélagsins.

2. gr.

Umsækjendur og styrkhæfi

Sjóðurinn styrkir framkvæmdir íþróttafélaga sem starfa samkvæmt lögum Héraðssambands Vestfirðinga (hér eftir HSV).

Styrkir eru veittir til uppbyggingar og viðhalds mannvirkja, umhverfis og aðbúnaðar. Við úthlutun úr uppbyggingarsjóði er lögð áhersla á að veita styrki til varanlegra framkvæmda og/eða verkefna. Alla jafna er ekki gert ráð fyrir að sjóðurinn veiti fjármagn til uppsetningar tímabundinna lausna. Heimilt er að veita styrk til framkvæmda sem hefjast og/eða er lokið á úthlutunarári.

Uppbyggingarsjóður styrkir ekki rekstrarkostnað eða veitir fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

3. gr.

Umsóknarferli

Ísafjarðarbær auglýsir eftir umsóknum með tölvupósti til formanna aðildarfélaga HSV og með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitingar og nauðsynleg fylgigögn.

4.gr.

Umsóknir

Formaður íþróttafélags skal skila til Ísafjarðarbæjar umsókn á umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og er sent íþróttafélagi, sbr. 3. gr. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- a) nafn og upplýsingar um íþróttafélag og forsvarsmenn þess
- b) heiti og lýsing á framkvæmd, auk markmiða með henni
- c) verkáætlun og tímasetningar
- d) skýr og raunhæf fjárhagsáætlun, ásamt upplýsingum um aðra styrki vegna sömu framkvæmdar
- e) styrkfjárhæð sem sótt er um

5. gr.

Mat á umsóknum

Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd afgreiðir og metur umsóknir. Við mat á umsóknum er horft til eftirfarandi þátta:

- a) trúverðugleika og gæða verkefna
- b) samfélagslegs gildis
- c) áhrifa á uppbyggingu íþróttastarfs í sveitarfélaginu
- d) umsagnar stjórnar HSV

Verkefni skulu vera í samræmi við framtíðaráætlanir og stefnur Ísafjarðarbæjar ásamt því að uppfylla skilyrði úthlutunarskema, sem samþykkt er af nefndinni fyrir auglýsingu umsókna

Ganga skal úr skugga um að framkvæmd sé ekki þegar á fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir umrætt fjárhagsár.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi á skóla- og tómstundasviði skal leita skriflegrar umsagnar stjórnar HSV við lok umsóknarfrests og skal umsögn HSV liggja fyrir við afgreiðslu umsókna í skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd, sbr. d lið 1. mgr. 5. gr.

6.gr.

Framkvæmd verkefnis

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmdum og útfærslu verkefnis.

7. gr.

Samningur og greiðsla styrkja

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöður umsóknar, auk þess sem listi yfir úthlutaða styrki er birtur á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Gerður skal uppbyggingarsamningur milli íþróttafélags og Ísafjarðarbæjar þar sem forsendur og skilmálar samningar og greiðslu styrks koma fram.

Íþróttafélög geta óskað eftir útgreiðslu helmings af styrkuppþæð við undirritun samnings, en nái íþróttafélag ekki að ljúka framkvæmdum á árinu skal endurgreiða styrkinn. Seinni hluti styrks er greiddur út eftir að íþróttafélög staðfesta með greinargerð og ljósmyndum að framkvæmd sé lokið. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir.

Greiðsla fer fram gegn útgáfu rafræns reiknings. Reikningur skal berast Ísafjarðarbæ að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag.

8. gr.

Ábyrgð umsækjenda

Umsækjendur bera ábyrgð á að fylgja umsókn eftir, undirrita samning og tryggja að verkið sé í samræmi við samningsskilmála.

9. gr.

Vanefndir

Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

Sama gildir ef verulegar breytingar verða á verkefninu, án þess að samþykki hafi fengist fyrir breytingum hjá Ísafjarðarbæ, sbr. 7. gr. reglnanna.

10. gr.

Tengiliður

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi sér um samskipti við styrkþega fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

Áætli styrkþegi verulegar breytingar á verkefninu skal með rökstuddum hætti óska samþykki fyrir breyttri notkun styrks til skóla-, íþróttá- og tómstundanevndar.

11. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru samþykktar af skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd Ísafjarðarbæjar, dags. 3. desember 2024 og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar dags. 5. desember 2024 til að öðlast þegar gildi.